

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn þriðjudaginn 20. janúar 2009

Mættar voru: Magna Guðmundsdóttir, Helga Aðalgeirsdóttir og Pálína Jónsdóttir. Magna Guðmundsdóttir tók við formennsku í hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis um áramót eins og nefndin hafði ákveðið eftir aðalfund vorið 2008.

Aðalfundur 2009

Ákveðið var að stefna að því að halda aðalfund fyrir hverfisnefndina laugardaginn 14. mars 2009. Þrír ætla að ganga úr stjórn, enda búin að vera í nefndinni frá upphafi, eða í þrjú ár. Það eru Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson og Helga Aðalgeirsdóttir. Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis hefur fundað í Glerárskóla frá upphafi. Rætt var um að við kosningu nýrra nefndarmanna þyrfti helst að kjósa einhvern sem tengist skólanum, því það auðveldar aðkomu að fundarstaðnum.

Tekin var ákvörðun um að hafa samband við Akureyrarbæ og kanna hvort möguleiki er að fá fyrirlestur frá bæjarstarfsmanni á aðalfundi varðandi málefni sem tengjast hverfinu eða öllum bænum t.d.:

1. Áætlanir um hraðahindranir, undirgöng o.fl. í Holta- og Hlíðahverfi
2. Uppbygging á Þórssvæðinu
3. Sorphirða í bænum, endurvinnsla, grenndargámar, jarðgerð o.þ.h.

Fleira var ekki rætt.

Ritað 20. janúar 2008

HA